

Alþingi
Erindi nr. P 143/462
komudagur 29.11.2013



Reykjavík, 29.11.2013
EHj

Atvinnuveganefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur um frv. til laga um Orkuveitu Reykjavíkur, 178. mál á þskj. 218

Vísað er til tölvupósts atvinnuveganefndar dags. 22. nóvember. Eftirfarandi er umsögn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur. Hún var lögð fyrir borgarráð Reykjavíkurborgar, bæjarráð Akraneskaupstaðar og byggðaráð Borgarbyggðar 28. nóvember.

Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnendur fyrirtækisins og starfsfólk hefur átt góð samskipti við iðnaðar- og viðskiptaráðherra og starfsfólk atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytis og fjármálaráðuneytis við undirbúning þess frumvarps, sem hér er til umsagnar, og er það þakkað. Sömuleiðis er þakkað fyrir tækifæri til að koma fyrir atvinnuveganefnd, 25. og 28. þ.m.

Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur fóru þess á leit við iðnaðar- og viðskiptaráðherra með erindi dags. 14. október sl. að ráðherrann beitti sér fyrir því að raforkulögum yrði breytt þannig að horfið verði frá kröfu um fyrirtækjaaðskilnað samkeppni- og sérleyfisreksturs orkufyrirtækja. Ástæða þess var ekki síst sú að ábati neytenda af uppskiptingu er afar umdeilanlegur. Í því sambandi var bent á óljósa niðurstöðu skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands *Fyrirtækjaaðskilnaður á rafmagnsmarkaði*, dags. 1. september 2011, þar sem segir berum orðum að endanleg áhrif lögboðinnar uppskiptingar á raforkumarkaði „...munu þó vart liggja fyrir fyrr en Orkuveita Reykjavíkur hefur skilið rekstur dreifingu á rafmagni frá sölu.“ Ábatinn er ekki ljósari en svo, en ráðherra varð ekki við óskinni.

Ábendingar eigenda Orkuveitu Reykjavíkur til atvinnuveganefndar eru einkum þessar:

Við uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi. Við ítarlegar greiningar og nákvæma fjárhagslega úttekt, sem unnin var á vegum eigenda OR og lauk nú á haustmánuðum, eru dregnir fram áhættuþættir við uppskiptingu. Þessir eru veigamestir:

- Að þjónusta við viðskiptavini raskist og óhagræði bitni á þeim með hækkuðu verði.
- Óviss afstaða lánveitenda þegar til kastanna kemur.
- Nýting uppsafnaðs skattalegt taps OR.
- Samsköttun uppskiptrar samstæðu.
- Uppgjörsmýnt virkjanafélags.
- Skattskylda eigna fluttra úr móðurfélagi til nýrra dótturfélaga.


Fjárhagsstaða Orkuveitu Reykjavíkur hefur verið erfið frá hruni og er enn viðkvæm. Unnið er samkvæmt Planinu – aðgerðaáætlun fyrirtækisins og eigenda þess frá vorinu 2011. Til að raska ekki þeim árangri sem með því hefur náðst telja eigendur Orkuveitu Reykjavíkur það ófrávíkjanlegt skilyrði uppskiptingar að hún baki fyrirtækinu, eigendum þess eða viðskiptavinum ekki tjón.


Meginforsendur þess að uppskipting leiði ekki til óviðunandi áhættu fyrir eigendur eru eftirfarandi:


- Að Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélögum, verði heimil samsköttun tekjuskatts að uppfylltum skilyrðum 55. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- Að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt verði uppskiptri samstæðu heimilt að nýta yfirfæranlegt tap fyrri ára sem stafar af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur frá því fyrir samsköttun.
- Að samkeppnisfélagi um vinnslu og sölu raforku verði tryggð heimild til að nota bandaríkjadal sem starfrækslugjaldmiðil, að uppfylltum þeim skilyrðum sem gerð eru í lögum.

Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur telja að bresti þessar forsendur gangi uppskipting fyrirtækisins gegn hagsmunum þess, eigenda og almennings.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir


Jón Gnarr


Páll S. Brynjarsson